



Handbók

FORELDRARÁÐ YNGRI FLOKKA FJÖLNIS

Efnisyfirlit

Foreldraráð	2
Skipun	3
Helstu verkefni	3
Gjaldkerar	3
Fjáraflanir	4
Fatnaður og treyjunúmer	4
Mótamál	4
Dagpeningar	4
Mót hjá flokkunum 2022-2023	5
Undirbúningur fyrir minni mót	5
Undirbúningur fyrir stærri mót	5
Tengiliður	5
Skipulag	5
Fatnaður og annað	5
Matarsöfnun	6
Skipting hlutverka á stærri mótum	6
Liðsstjóri	6
Gististjóri	6
Nestisstjóri	6
Á Mótinu	7
Gisting	7
Frítími	7
Á vellinum	7
Eftir mót	8
Matarafgangar	8
Hópefli	8
Gott að hafa í huga	8
Við erum öll einhvern tímann byrjendur	8
Fótbolti er skemmtun	9
Stundvísi er dyggð	9
Fylgjum reglum	9

Búum til góðar minningar	9
Hlutverk forráðamanna á mótum	9
Íþróttasálfræðingur/Sjúkraþjálfun	10
Einelti/Áreiti/Óviðeigandi hegðun	10
Tengiliðir BUR við foreldraráð flokka	10

Foreldraráð

Foreldraráð eru starfandi fyrir hvern árgang og að lágmarki skulu fimm forráðamenn skipa foreldraráð. Ef einungis er eitt foreldraráð fyrir flokk skulu vera tveir forráðamenn iðkenda af yngra ári og tveir forráðamenn iðkenda af eldra ári, auk formanns. Foreldraráð heyrir undir barna- og unglingaráð (BUR) og getur leitað eftir samráði við það. Megin hlutverk foreldraráðs er að halda utan um starf hvers flokks í samráði við þjálfara.

Skipun

Á hverju hausti (1. september – 1. nóvember) er haldinn foreldrafundur í hverjum flokki, þar sem þjálfari kynnir sig og gerir grein fyrir vinnutilhögun sinni. Farið er yfir starf flokksins og forráðamenn skrá sig í foreldraráð.

Helstu verkefni

Helstu verkefni foreldraráða eru eftirfarandi:

- Vera tengiliður forráðamanna iðkenda viðkomandi flokks við þjálfara og BUR.
- Í samráði við þjálfara skal foreldraráð taka þátt í undirbúningi keppnisferða, skipuleggja fjáraflanir og aðstoða við verkefni fyrir viðkomandi flokk. Þjálfari skipuleggur ferðir vegna einstakra leikja. Fjáraflanir eru einnig haldnar á vegum Fjölnis ca. þrisvar sinnum á ári. Foreldraráð hvetur forráðamenn iðkenda til að nýta sér fjáraflanir.
- Skipuleggja a.m.k. tvo viðburði ár hvert fyrir utan hefðbundnar æfingar til að efla félagsleg tengsl innan flokksins. Skipulag viðburða skal vera í samræmi við útivistarreglur.
- Halda utan um fjármál viðkomandi flokks í samstarfi við skrifstofu félagsins. Bankareikningur hvers árgangs er stofnaður af skrifstofu félagsins og skulu allir fjármunir flokksins fara í gegnum reikning í nafni Fjölnis. Reikningurinn fylgir árganginum í gegnum alla flokka. Gjaldkeri er skipaður fyrir hvorn árgang fyrir sig í hverjum flokki og sér hann um að yfirfara greiðslur frá iðkendum og vera í sambandi við skrifstofuna varðandi greiðslur vegna t.d. móta.
- Skila samantekt til BUR í lok ágúst/byrjun september ár hvert yfir verkefni flokksins ásamt yfirliti yfir útgjöld vegna keppnis- og æfingarferða. Gott er að taka saman á hvaða mót/í hvaða ferðir var farið, hvernig gekk, hvað hefði mátt fara betur o.s.frv.. Upplýsingarnar eru síðan settar í hugmyndabanka sem foreldraráð mun hafa aðgang að.
- Stuðla að jákvæðu og uppbyggilegu starfi innan viðkomandi flokks með því, meðal annars, að benda á mikilvægi virkrar og jákvæðrar þátttöku forráðamanna í starfi flokksins.

Gjaldkerar

Þegar foreldraráð hefur verið skipað þarf að skipa gjaldkera, einn fyrir hvorn árgang. Gjaldkeri fær prókúru af reikningi síns árgangs í gegnum skrifstofuna (fjolnir@fjolnir.is). Athugið að þetta getur tekið tíma og því gott að koma því strax í farveg. Þegar greiða á mót eða annað á vegum flokksins eru upplýsingar sendar á skrifstofuna (gummi@fjolnir.is) og starfsmaður þar sér um að koma greiðslum áfram.

Þegar forráðamenn greiða fyrir mót er gott að biðja þá að setja inn skýringu t.d. NORÍEE fyrir Norðurálmót og iðkandann Írisi Eyfjörð Elíasdóttur. Það auðveldar alla yfirferð á greiðslum inn á reikning vegna móta.

Forráðamenn verða að vera búnir að greiða fyrir lokadagsetningu greiðslu (og fyrir mót) annars getur iðkandi ekki tekið þátt. Gott er að setja frest til ákveðins dags rétt fyrir litlu mótin. Fyrir stór mót er gott að skipta greiðslum á nokkra mánuði þar sem þau geta verið kostnaðarsöm.

Fjáraflanir

Skrifstofa Fjölris sér um þrjár fjáraflanir yfir árið. Hagnaðurinn skiptis 70% til iðkenda og 30% til þeirra deildar sem iðkandi velur. Hér er hægt að velja fleiri en eina deild til að safna fyrir.

Tímabil fjáraflana frá skrifstofu eru í eftirfarandi mánuðum:

- Sölu tímabil 1: febrúar
- Sölu tímabil 2: maí
- Sölu tímabil 3: október

Fjáröflunarhugmyndir fyrir Fjölni, stórar sem smáar, má senda á brynjaid@gmail.com

Ef flokkurinn ætlar að halda fjáröflun þarf að passa að hún stangist ekki á við sölu tímabil félagsins hér að ofan. Þegar fjáraflanir eru ákveðnar þarf að staðfesta við skrifstofu hvort leyfilegt sé að eiga í viðskiptum við viðkomandi fyrirtæki (vegna styrktaraðila og fleira).

Hugmyndir af fjáröflun fyrir flokkana:

- **Hp Selfoss:** Flatkökur/Kleinur/Snúðar (<https://flatkaka.is/>)
- **Góa:** Lakkrís/Bland í poka (www.goa.is)
- **Egg frá Elliðahvamm:** 30 stk. (Best að hafa samband við Valdís í síma 864-0972)
- **Garri:** Pizzadeig og aðrar góðar vörur (www.garri.is/netfang: fjaroflun@garri.is)

Fatnaður og treyjunúmer

Fram að 6. flokki mega iðkendur merkja treyjurnar þeim númerum sem þá langar. Þegar þeir koma upp í 6. flokk er dregið um númer. Iðkendur á sléttum árum (2010, 2012 etc) fá slétt númer og iðkendur á oddatölu árum (2011, 2013 etc) fá oddatölu. Númerið fylgir iðkandanum í gegnum öll árin hjá Fjölni.

Haustið 2022 gerði Fjölnir samning við Margt smátt sem sér um sölu og merkingar á keppnisbúningum. Einnig er hægt að kaupa æfingagalla (peysu, buxur ofl) hjá þeim og láta merkja. Fótboltafatnaðinn er hægt að finna hér: [Margt smátt Fjölnisfatnaður](#)

Stuðningsmannavörur eru einnig seldar á heimasíðu Margt smátt: [Stuðningsmannavörur](#)

Mótamál

Dagpeningar

Á mótum fá þjálfarar dagpening. Fyrir árið 2022 er taxtinn eftirfarandi:

- Mót úti á landi (t.d. N1, Orkumóti): 20.000 kr per dag á þjálfara
- Mót innanbæjar (t.d. Síamótið, ReyCup, Arion banka mótið): 5.000 kr per dag á þjálfara

Dagpeningarnir reiknast inn í mótsgjaldið. Ef þið eruð í vafa um hvaða taxti eigi við um mót sem flokkurinn er að fara á hafið þá samband við BUR.

Mót hjá flokkunum 2022-2023

Fyrir hvert tímabil er ákveðið hvaða mót verða sótt heim. Mótalista allra flokka má nálgast hér: [Mótaskjal](#)

Einnig má hér sjá dagskrárdagatal fótballatímabilsins BUR: [Dagskrárdagatal](#)

Undirbúningur fyrir minni mót

Gjaldkerar fara yfir greiðslur frá forráðamönnum og senda upplýsingar um mótsgreiðslur á skrifstofu. Aðalþjálfari flokks getur útvegað lista yfir þá iðkendur sem skráðir eru á mót svo hægt sé að stemma af hvort þeir sem eru skráðir séu búnir að greiða.

Fyrir öll mót, stór sem smá, er gott að minna forráðamenn á kíkja yfir reglur, bæði fyrir sig sjálfa og með iðkendum, sem farið er yfir í kaflanum Gott að hafa í huga.

Á stórum mótum eru liðstjórar skipaðir en á litlum mótum er ekki síður mikilvægt að skipa liðstjóra fyrir hvert lið sem heldur utan um liðið á meðan á móti stendur, sér um upphitun milli leikja og aðstoðar þjálfara ef þarf.

Undirbúningur fyrir stærri mót

Tengiliður

Gott er að ákveða strax hver á að vera fararstjórinn í ferðinni, ef þess er krafist, en hann verður tengiliður við mótsnefnd. Þá er gott að fara að fylgjast með upplýsingasíðum móts (Facebook eða almennri, t.d. <http://www.norduralsmot.is/> hjá Norðurálmótinu) svo allt sé á hreinu varðandi greiðslur og dagsetningar. Tengiliðurinn sér þá um að koma skilaboðum frá mótsnefnd til forráðamanna.

Til að auðvelda flæði upplýsinga til forráðamanna er hægt að setja upp facebook síðu fyrir mótið þar sem allar upplýsingar koma inn frá ráðinu og forráðamenn geta sett inn fyrirspurn. Gott er að setja inn nöfnin á meðlimum ráðsins þar í skýringu og reikningsnúmer og kennitölu í opnumynd.

Skipulag

Mikilvægt er að halda fyrsta fund með forráðamönnum fljótlega eftir að dagsetning og mótsgjald er tilkynnt svo hægt sé að upplýsa þá um kostnað og fleira tengt móti. Þá þarf að vera búin að taka saman grófa kostnaðaráætlun sem kynnt er á fundinum. Annan fund skal svo halda þegar nær dregur móti til að fara yfir stöðuna, hvað þarf að gera o.s.frv.. Fyrsta greiðsla er oft í snemma eða í byrjun árs og því gott að huga að þessum þætti fljótlega.

Til að halda utan um upplýsingar hefur reynst vel að setja upp Google docs skjal þar sem mismunandi upplýsingar eru á mismunandi flípum. Dæmi um flipa:

- Matur
- Gisting foreldra
- Fjárhagsáætlun

Til að fá hugmyndir er hægt að skoða skjal frá Orkumóti hér: [Google doc skjal Orkumót](#) og frá N1 mótinu hér: [Google doc skjal N1 - Dagskipulag á N1 móti](#)

Fatnaður og annað

Fyrir stóru mótin er oftast pantaður einkennandi fatnaður á allt liðið. Þeir iðkendur sem fara ekki á mótin hafa val um hvort þeir vilji panta líka.

Tímabilið 22/23 munu allir flokkar panta **XXX** sem einkennisfatnað fyrir mót.

Hafa þarf í huga að ef versla á við annan aðila en þann sem Fjöltnir er samningsbundið þarf að fá leyfi frá skrifstofu fyrir því, hönnun og merkingu. Sama á við um aðra hluti sem merkja á Fjöltnislóginu. Aðrir hlutir sem gaman er að kaupa fyrir mótin eru sem dæmi litlir Fjöltnisfánar fyrir skrudgöngur, tattoo með Fjöltnislóginu, andlitslitir, hársprey og naglalakk.

Matarsöfnun

Ef farið er á gistingmót (t.d. Norðurálmót eða Orkumót) er mikilvægt að ræða snemma við forráðamenn um að hafa samband við fyrirtæki og fá matargjafir eða skipuleggja bakstur. Athugið að ákveðnir aðilar eru styrktaraðila Fjöltnis og þá má helst ekki fara til samkeppnisaðila til að fá gjafir. Þá getur verið gott að vera búin að búa til lista fyrirfram yfir hugmyndir af því hvað þarf og forráðamenn geta skráð sig fyrir ákveðinni söfnun og svo bætt við listann ef annað safnast. Það sama á við um afslætti.

Það sem ekki safnast er svo keypt, t.d. ávextir, álegg og safar. Instant kaffi og kakó hefur verið keypt fyrir foreldra og hefur verið vel tekið í það. Þá er gott að kaupa vel af g-mjólk og biðja fólk annað hvort að koma með eigin bolla eða kaupa nóg af glösum. Fyrir iðkendur er gott að hafa heitt vatn og Swiss Miss með á völlinn eða til að fá sér fyrir svefninn.

Í Fjöltni hefur verið höfð sú regla á að litlu liðin eru saman frá morgni til kvölds og fá nesti úr matarsöfnun (nema sérstakar aðstæður, t.d. ofnæmi, gefa ástæðu til annars). Sælgæti, ís og annað slíkt er almennt geymt á meðan á móti stendur nema ákveðið hefur verið að öll liðin fái það sama, t.d. farið í eina ísferð.

Svo auðvelt sé að skipta matnum á milli liða er gott ef nestistjóri reddar kössum (t.d. pappakössum), skiptir matnum á milli fjölda liða og merkir hverju liði (gott að taka með sér svartan tússpenna).

Skipting hlutverka á stærri mótum

Stór hópur forráðamanna fylgir oftast liðum á stærri mót og þurfa að vinna saman að því að gera mótið sem ánægjulegast fyrir iðkendur. Æskilegt er að að minnsta kosti einn forráðamaður hvers iðkanda taki að sér hlutverk á mótinu svo ábyrgðin dreifist á sem flesta. Gott er að setja upp Google doc skjal fyrir mótin þar sem foreldrar geta skráð sig í hlutverk. Því fleiri sem bjóða sig fram því minna mál verður hvert hlutverk.

Liðsstjóri

Með hverju liði skal vera liðsstjóri. Hlutverk liðsstjóra er að sjá um sitt lið á mótinu, hafa dagskrána á hreinu, hvar og hvenær á að mæta í leiki og á viðburði og skipuleggja tímamillir milli leikja. Liðsstjóri vinnur með þjálfara og fararstjóra. Liðsstjóri ber ábyrgð á að hans lið mæti á réttum tíma í rétta leiki – alltaf. Það þarf ekki að vera sami liðsstjóri allan tímann, forráðamenn geta skipt dögum á milli sín eða tveir tekið sig saman hvern dag. Á ákveðnum mótum er mikilvægt að iðkendur haldi hópinn allt mótið og þá er hægt að nýta tímamillir milli leikja, fyrir og á eftir í hópefli.

Gististjóri

Gististjóri tekur við liðinu af liðsstjóra eftir kvöldmat/kvöldvökur og er með þeim yfir nóttina. Ágætt að það sé ekki sami aðili sem er með liðið yfir daginn og gisti með þeim. Gististjóri er ákveðinn áður en farið er á mótið en mismunandi er eftir mótum hversu margir þurfa að vera með liðinu. Við hvetjum alla iðkendur til að gista með liðunum sínum, það er hluti af upplifuninni.

Nestisstjóri

Nestisstjóri hefur umsjón með öllum mat og nesti sem tekið verður með í ferðina og sér um að deila þessu rétt á dagana. Á gistingmótum er oftast boðið upp á morgunmat, hádegismat og kvöldmat, það er

innifalið í mótsgjaldinu. Hlutverk nestisstjóra er því að finna aukabitana sem boðið er upp á á milli leikja.

Gott er að nestisstjórar ræði sín á milli um stöðuna á birgðum. Ef eitt lið á mikið eftir af td. ávöxtum en annað lið búið með sína er hægt að deilda á milli. Einnig er gott að nýta FB síður liðsins til að deila upplýsingum. Við reynum eftir fremsta megni að nýta það sem við höfum og sóum sem minnstu.

Nestisstjórar sjá svo til þess að gengið sé frá vel afgangi mat á tilætlaða staði í lok móts svo Fjölnislið, sem ekki hafa lokið keppni, geti nýtt hann eða hægt að gefa hann áfram.

Á Mótinu

Gisting

Mismunandi er eftir mótum hversu margir gististjórar þurfa að fylgja liðinu. Þegar komið hefur upp að einhver vilji ekki gista nema hafa forráðamann með sér hefur það verið leyft, enda er þetta hluti af upplifun iðkandans af mótinu. Það hefur ekk verið tilkynnt neitt sérstaklega til mótsnefndar þó fleiri gististjóra fylgi liðinu en kveðið er á um.

Þegar raðað er niður í stofur á gistimótum er sniðugt að raða niður í stofur eftir ræsitíma/fyrsta leik eftir fyrstu gistinótt.

Gott er að setja þá reglu að ró eigi að vera komin á í stofunum kl 21.

Frítími

Margt er hægt að brasa fyrir, á milli og eftir leiki:

- Göngutúr
- Sund
- Frisbígolf
- Allskonar útileikir, gott að taka eitthvað með
 - Kubbur
 - Fótbolti
 - Körfubolti
 - Krikket
- Ærslabelgir þar sem þeir eru
- Gott er að taka með spil/bækur/blöð ef veðrið leyfir ekki mikla útiveru
 - Spilastokkur
 - Borðspil

Svo er alltaf gaman að fara á völinn og hvetja önnur Fjölnislið áfram.

Á vellinum

Forráðamenn þurfa að vera duglegir að peppa leikmenn fyrir leiki og þurfa margir jafnvel að stíga út fyrir þægindarammann þegar kemur að þessum hluta. Einhverjir foreldrar eiga stóra Fjölnisfána sem er hægt að veifa á leið á mótstað, taka með þráðlausan hátalara og spila Fjölnisstuðningslagið ([youtube linkur](#)) á leið á völinn og fyrir leiki og syngja hátt og snjallt með. Vel skreyttir forráðamenn og stuðningsmenn eru líka alltaf skemmtileg sjón og er þá hægt að vera í peysu eða jakka merktum Fjölni, með húfu, trefil eða buff.

Forráðamenn eru einnig hvattir til þess að búa til fagn með iðkendum sem þeir taka fyrir forráðamenn eftir sigurleiki (t.d. takast í hendur og hlaupa að foreldrum sem klappa... oooooeiiii) og hvetja iðkendur til þess að fagna saman þegar vel gengur en hvetja hvorn annan áfram ef verr gengur.

Mikilvægt að taka flottar hópmyndir af liðunum þó svo að það sé liðsmýndataka á staðnum.

Þátttökuverðlaun eru veitt á mörgum mótum og sækir einn forsvarsmaður hvers liðs verðlaun fyrir sitt lið til fararstjóra. Mikilvægt er að afhenda verðlaunin ekki fyrr en eftir seinasta leik. Þá er gott að hafa smá viðhöfn við afhendingu, taka allar medalíurnar saman, óska leikmönnum til lukku og setja á þá medalíuna. Taka svo mynd af þeim með þær og jafnvel eina mynd þar sem allir bíta í gullið sitt.

Liðstjórinn, með aðstoðar annarra forráðamanna, þarf að halda vel utan um liðið á leikjum og á milli þeirra, sjá um upphitun, pepp, samræður og halda liðsandanum góðum. Hann þarf að vera tilbúinn að stíga inn í sem þjálfari þegar þarf. Liðsstjóri þarf einnig að geta rætt við liðið ef hegðun er óásættanleg eða upp kemur ágreiningur. Þjálfararnir eru einungis með liðið stutta stund og hafa ekki yfirsýn yfir stemninguna í liðinu þess á milli. Mótin hafa uppeldislegt gildi og mikilvægt er að allir takivirkan þátt í að aðstoða leikmenn við að læra rétta hegðun innan vallar sem utan.

Eftir mót

Matarafgangar

Ef það eru afgangar af mat er gott að athuga hvort einhverjir viti af öðrum mótum sem Fjölislið er að fara á á næstunni og hvort þau vilji fá afgangana. Mikilvægt er að biðja fólk að ganga almennilega frá afgangsmatnum á fyrirfram ákveðna staði eða koma honum til dæmis til Fjölisliða sem hafa ekki lokið keppni.

Hópefli

Stundum er afgangur af peningum (ef vel hefur tekist að safna mat) og þá er gott að nýta þá í hópefli í lok sumars, áður en næsta fótboltaár hefst. Þá greiða ekki þeir sem greiddu á mótið fyrir afþreyinguna, bara þeir sem voru ekki á mótinu (allir fá samt að vera með).

Margt er hægt að gera í nágrenninu:

- Keila og pizza á Shake&pizza í Egilshöll - Tölvupóstur (fá hóptilboð): keiluhollin@keiluhollin.is/Sími: 511 5300.
- Skautar - Heimasíða: <https://www.egilshollin.is/opnunartimi>
- Fimleikasalur og pizza (Fjölnissalurinn) - Tölvupóstur: fimleikasalur@fjolnir.is
- Skemmtigarðurinn fótboltagolf/minigolf - Heimasíða: <https://skemmtigardur.is/>
- Hafa heitt kakó eftir kalda útiæfingu
- Fótboltamót með forráðamönnum
- Gufunesbær:
 - Grilla og sprella
 - Frisbígolf
 - Klifur

Gott að hafa í huga

Fyrir mót er gott að minna iðkendur, og forráðamenn, á æskilega hegðun á mótum. Iðkendur og forráðamenn eru þar í forsvari fyrir félagið.

(Textinn hér að neðan er að hluta til tekinn úr handbók Norðurlásmóts 2017)

Við erum öll einhvern tímann byrjendur

Í yngstu flokkunum eru iðkendur að fara á sín fyrstu mót og eru því byrjendur á því sviði, sem og forráðamenn. Dómarar geta einnig verið byrjendur og þurfum við öll að taka tillit til þess. Mótin hafa

uppeldislegt gildi, ekki síður en knattspyrnulegt, og þurfa allir að fá að læra af mistökum. Hjálpumst að, þá gengur allt betur.

Fótbolti er skemmtun

Þessi skemmtun skiptir okkur öll máli. Kennum iðkendum að endurspeglu þessa ánægju í leik og framkomu á mótum, félagi sínu til framdráttar. Iðkendum skal kennt að virða ákvörðun dómara án spurninga eða athugasemda. Þetta þurfa þjálfarar, forráðamenn og aðrir aðstandendur liðanna einnig að hafa í huga og fara eftir, hvort sem þeim þyki dómurinn réttur eða rangur. Þjálfarar og forráðamenn skulu aldrei efast um hæfni dómarans svo leikmenn heyri til. Dómgæslu er hægt að ræða við fararstjóra sem kemur athugasemdum áfram til mótshaldara. **Minum iðkendur á að koma fram við alla af virðingu og að alltaf skuli þakka fyrir leiki, sama hvernig þeir fara.**

Stundvísí er dyggð

Verum stundvís - það skiptir máli fyrir alla. Forráðamenn og stuðningsmenn liða endurspeglu þann anda sem er í hverju félagi. Verum öll okkar félagi til sóma og börnum okkar góðar fyrirmyndir. Við komum fram fyrir hönd okkar félags með stolti og virðingu.

Fylgjum reglum

Á mótum gilda ákveðnar reglur í leik og umgengni, sem allir reyna að fylgja. Engu að síður, þá hefur hvert félag rétt til þess að kvarta og gera athugasemdir við framkvæmd mótsins. Ef þú vilt nýta þér þennan rétt gerðu það við réttan aðila. Segðu rétt frá, rólega og virtu ákvörðunina, hver svo sem hún er.

Búum til góðar minningar

Meginmarkmið mótanna er að iðkendur upplifi knattspyrnu á jákvæðan hátt og komi heim með góðar minningar um skemmtilega daga.

Hlutverk forráðamanna á mótum

Hlutverk forráðamann og aðstandenda á mótum er fyrst og fremst að vera stuðningur og hvetja iðkendur áfram. Hér eru ábendingar um góða framkomu forráðamanna á fótboltamótum:

- Við erum eru fyrirmyndir iðkendanna og það er því mikilvægt að við högum okkur í samræmi við það
- Munum eftir að vera hvetjandi á hliðarlínunni og munum að þetta er leikur en ekki heimsmeistarakeppni, það má gera mistök
- Hvetjum allt liðið en ekki einstaklinga
- Verum jákvæð allan tímann, hvernig svo sem stuðið er á okkur. Það er mikilvægt. Þá verður allt svo miklu auðveldara
- Virðum störf og ákvarðanir þjálfara.
- Virðum störf dómara og höfum í huga að margir eru að stíga sín fyrstu spor í dómarastörfum sínum hjá yngri flokkum og þurfa að læra af mistökum sínum
- Virðum „forráðamannalínuna“ við vellina
- Tökum vel á móti iðkendum í lok hvers leiks óháð því hver úrslitin eru
- Mótið á að vera skemmtileg upplifun og við spilum stórt hlutverk í þeirri upplifun
- Hróp og köll inn á völlinn eru ekki vænleg til árangurs, í fyrsta lagi er mjög líklegt að iðkandi heyri ekki hvað sé sagt og í öðru lagi truflar það einbeitinguna
- Við eigum að líta á leikinn í víðara samhengi, sem hluta af þroskaferli iðkandans og það er í lagi að tapa. Það er eitthvað sem iðkendur þurfa líka að læra
- Við tökum ekki einstaka strák úr liði eða umbunum einu liði. Liðsheildin skiptir miklu máli og eiga strákarnir að halda hópinn á meðan á móti stendur. Nægur tími er fyrir ísbíltúra og

nammi þegar móti er lokið.

- Truflum ekki þjálfara meðan æfing er, fótboltavöllur er vinnusvæði.

Athugið að mikilvægt er að skrá iðkanda á mót eða leik innan þess tímaramma sem þjálfari gefur. Ef upp kemur að iðkandi komist ekki á mót eða leik skal láta þjálfara vita strax svo hann geti breytt skipulagi. Þeir sem ekki greiða fyrir mót á réttum tíma eru ekki skráðir í lið.

Íþróttasálfræðingur/Sjúkraþjálfun

Í Endurhæfingarstöðinni Hæfi, sem er staðsett í Egilshöll, er fullt af flottum sérfræðingum sem geta verið iðkendum innan handan. Samningur Fjölnis er á þann veg að iðkendur Fjölnis erum í forgang inn í þjónustu. Foreldrar pantað (og greiða fyrir) þjónustu með því að láta afgreiðslu Hæfis vita að iðkandi sé í Fjölni en eins og staðan er almennt í samfélaginu er langur biðlisti í þjónustu hjá sálfræðingum og sjúkraþjálfurum og því tilvalið að nýta sér þetta.

Einelti/Áreiti/Óviðeigandi hegðun

Ef iðkendur verða uppvísir af eða verða fyrir einelti, áreiti eða annarri óviðeigandi hegðun skal ræða við þjálfara. Í alvarlegum tilvikum skal hafa samband við Málfríði á skrifstofu Fjölnis (frida@fjolnir.is) sem heldur utan um þessi mál.

Ef þjálfari verður uppvís af einelti, áreiti eða óviðeigandi hegðun skal hafa samband við BUR sem mun koma málinu í réttan farveg.

Tengiliðir BUR við foreldraráð flokka

Tengilið BUR við foreldraráð eru eftirfarandi:

Brynja Ingimarsdóttir Tölvupóstur: brynjaid@gmail.com GSM: 616 7349

Íris Eyfjörð Elíasdóttir Tölvupóstur: iris.eyfjord.eliasdottir@gmail.com GSM: 695 8783

Ekki hika við að hafa samband ef einhverjar spurningar vakna.